



**101. Fundur bæjarráðs Blönduósbæjar  
Mánudaginn 24. mars 2014, kl. 16:00.**

**Ágúst Þór Bragason, ritaði fundargerð í fjarveru bæjarstjóra. Mæting skv. undirskriftum.**

---

*Dagskrá:*

1. Erindi frá SSNV frá 21. mars 2014
  2. Samningur um leigu á tjaldsvæði í Brautarhvammi á Blönduósi
  3. Bréf frá Húnavatnshreppi dags. 7. mars 2014
  4. Bréf frá Skagaströnd dags. 12. febrúar 2014
  5. Bréf frá Skagabyggð dags. 14. mars 2014
  6. Önnur mál
- 

*Anna Margrét Sigurðardóttir varaformaður setti fund og stjórnaði honum.*

*Afgreiðslur:*

**1. Erindi frá SSNV frá 21. mars 2014.**

*SSNV boðar að beiðni Innanríkisráðuneytisins til fundar um endurskoðun á samgöngu- og fjarskiptaáætlun en unnið er að undirbúningi 12 ára samgöngu- og fjarskiptaáætlunnar. Fundurinn fer fram þriðjudaginn 8. apríl nk. á Sauðárkróki milli 15:15-17:45. Þar sem ekki er starfandi samgöngunefnd á vettvangi SSNV var ákveðið að bjóða öllum sveitarfélögum á starfssvæðinu að senda sína fulltrúa. Bæjarráð samþykkir að bæjarfulltrúar mæti á fundinn.*

**2. Samningur um leigu á tjaldsvæði í Brautarhvammi á Blönduósi**

*Lögð voru fram drög að samningi milli Blönduósbæjar og Blöndu ehf. Samningurinn er til 3 ára og felur í sér að Blanda annist rekstur tjaldsvæðisins, þjónustuhúss og Gamla KH hússins og veiti þjónustu til ferðamanna í tengslum við rekstur tjaldsvæðisins. Tjaldsvæðið skal vera opið gestum frá 20. maí til 10 september ár hvert. Bæjarráð samþykkir að ganga frá samningi við Blöndu ehf. um rekstur tjaldsvæðisins eftir að bætt hefur verið úr skilum á upplýsingum sem óskað var eftir í eldri samningi.*



### 3. Bréf frá Húnavatnshreppi dags 7. mars 2014.

Lagt var fram bréf sveitarstjórnar Húnavatnshrepps varðandi sameiningu sveitarfélaga í A-Hún. Í bréfinu kemur fram það mat sveitarstjórnar að raunhæfur valkostur sé að sameina öll sveitarfélög í A-Hún. en telur rétt að kanna hug íbúanna til slíkrar sameiningar áður en frekari vinna fari fram. Lagt fram til kynningar.

### 4. Bréf frá Sveitarfélaginu Skagaströnd dags 12. febrúar 2014.

Lagt var fram bréf Sveitarfélagsins Skagastrandar varðandi sameiningu sveitarfélaga í A-Hún. Í bréfinu kemur fram það mat sveitarstjórnar að ólíklegt sé að sameining hlyti samþykki í íbúakosningu á Skagaströnd miðað við fyrirbyggjandi forsendur og án atbeina stjórnvalda. Lagt fram til kynningar.

### 5. Bréf frá Skagabyggð dags 14. mars 2014.

Lagt fram bréf Skagabyggðar varðandi sameiningu sveitarfélaga í A-Hún. Í bréfinu kemur fram afstaða hreppsnefndar sem leggur til að gerð verði könnun meðal íbúa sýslunnar v/sameiningar áður en viðræður hefjast. Lagt fram til kynningar.

### 6. Önnur mál voru engin.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 16:50

Anna Margrét Sigurðardóttir (sign.)

Kári Kárason (sign.)

Oddný María Gunnarsdóttir (sign.)

Ágúst Þór Bragason (sign)